



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Atvinnumálanefnd. 6. fundur

Fundur haldinn í Atvinnumálanefnd að Múlavegi 1 fimmtudaginn 8. desember 2011 kl 10:00 .

Mættir : Böðvar Pétursson, Sólveig E. Hinriksdóttir, Ingibjörg Björnsdóttir, Leifur Hallgrímsson, Halldór Árnason.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund.

2. Uppgjör fjallskila 2011

Borist hefur einn fjallskilareikningur, krónur 6.800 vegna suðurafréttar. Hann samþykktur. Fjöldi fjár á suðurafrétti 835, fjallskilasjóðsgjald á kind á Suðurafrétt kr. 8,15.

Þá hefur aðeins borist ein gangnaskýrsla þetta árið. Hún er frá gangnaforingja Norðurfjalla. Æskilegt er að gangnaforingjar skili skýrslum eins og vera ber. Girðingagjald árið 2011 er 346 krónur á kind, var 190 kr. árið 2010.

3. Fundur með grenjaskyttum

Ingi Þór Yngvason grenjaskytta mætir á fund til að ræða grenjavinnslu minkaveiðar og vargeyðingu almennt. Miklar umræður um málaflökkinn og eru fundarmenn sammála um að æskilegt væri að horfa á þessar veiðar út fyrir sveitarfélagamörk.

Atvinnumálanefnd er á þeirri skoðun að alls ekki megi slaka á í þessum málum. Í ljósi ný samþykktar verndaráætlunar fyrir Mývatn og Laxá og þeirra markmiða sem sett eru þar um vargeyðingu þá gerir Atvinnumálanefnd eftirfarandi tillögu:

Að teknar verði upp viðræður við Umhverfisstofnun/Umhverfissráðuneyti og Þingeyjarsveit um stofnun stöðu meindýraeyðis í fullt starf sem sinni veiðum á ref, mink og flugvargi á svæðinu innan sveitarfélaganna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar – milli Jökulsár á Fjöllum og Skjálfafljóts. Nefndin telur augljóst að ráða þurfi aðstoðarmenn yfir grenjatímamann.

Nefndin leggur til að kostnaðarskipting verði þannig að Skútustaðahreppur greiði 25% , Þingeyjarsveit 25% og ríkið 50%.

4. Tillögur varðandi viðhald húseigna sveitarfélagsins.

Þessu máli frestað vegna tæknilegra örðugleika.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11:40

Böðvar Pétursson
Sólveig E. Hinriksdóttir
Ingibjörg Björnsdóttir
Leifur Hallgrímsson
Halldór Árnason